

Fundur stjórnar 16. ágúst

Mætt : Helga, Jón, Sigríður, Elfa, Rakel og Benedikt.

Staða húsnæðismála: Samkvæmt svörum frá bænum eftir sýnatöku Eflu Verkfræðistofu kringum lekann í eldri deild var enginn örveruvöxtur var til staðar og því var haldið áfram með framkvæmdir og lagfæringar. Búið er að fara í og/eða skipuleggja sýnatöku á öðrum stöðum og er beðið niðurstaða.

Mosfellingur: Hvert stefnum við í menntamálum er yfirskrift greinar frá stjórn foreldrafélagsins þar sem skorað var á öll framboð í aðdraganda sveitarstjórnakosninga að setja menntamálin í forgang. Bent er á að niðurstöður mælinga á líðan og námsárangri barna í Mosfellsbæ sýni að víða séu rauð flögg sem rýna þurfi betur í. Í lok greinar má sjá spurningar um skólamál sem sendar voru á öll framboð en svör við þeim er að finna á fésbókarsíðu foreldrafélags Varmárskóla. <http://mosfellingur.is/hvert-stefnum-vid-menntamalum/>

Mosfellingur: Við skólaslit veitti Foreldrafélag Varmárskóla hvatningarverðlaun í fyrsta skipti starfsmanni sem þótti hafa skarað fram úr í starfi. Að þessu sinni féllu hvatningarverðlaunin í hlut Árna Jóns Hannessonar kennara á miðstigi sem býr yfir 35 ára kennslureynslu. Árni er vel að þessu kominn og mikill fengur fyrir allt skólasamfélagið að fá að njóta krafta hans. <http://www.mosfellsbaer.is/forsida/frettir/frett/2018/09/07/Arni-Jon-hlaut-fyrstu-hvatningarverdlaunin/>

Erindi: Verkefnið betri skólabragur fer af stað í ágúst og á skýrsla og tillögur til úrbóta að liggja fyrir í september. Vonir standa til að það sé fyrsta skrefið í átt að jákvæðum breytingum sem muni taka tíma. Meirihlutinn í bænum (D) hefur fullvissað stjórn um sinn stuðning til að fara í nauðsynlegar úrbætur, þess verði gætt að samfella verði í þeirri vinnu og kostnaður verði ekki hindrun. Stjórnin leggur áherslu á að mikilvægi þess að allt skólasamfélagið komi að verkefninu, samskipti séu góð svo allir geti lagst á eitt enda markmið allra það sama – góður skóli, ánægt starfsfólk og hamingjusöm börn.

UT – tækjakaup: Stjórnendur tóku á vordögum vel í hugmyndir um tækjakaup foreldrafélagsins til að efla kennslu í forritun og tækni. Stjórnendur lýstu yfir áhuga á Sphero vélmennum en voru mjög spenntir fyrir Legó vélmennum þegar þeim var tjáð að svigrúm væri fyrir dýrari tækjum. Áætlaður kostnaður: 5 stk af Lego Mindstorm EV3 vélmennum fyrir eldri deild og 10 stk af WeDo 2.0 fyrir yngri deild er rúmlega milljón. Þar sem um dýra fjárfestingu er að ræða lögðu foreldrar áherslu á að ábyrgðarmaður væri á verkefninu og því fundinn farvegur. Yfirlýsing deildastjóra um að þegar búið er að gefa gjöf hafi foreldrar ekkert um það að segja hvort og hvernig gjöfin sé nýtt þótti foreldrum sérstök. Síðustu misseri hafa 6. bekkingar fengið microbit tæki að gjöf í tengslum við átaksverkefni Samtaka Iðnaðarins, RÚV, Menntamálastofnunar, Mennta- og menningarmálaráðuneytis um að efla forritunarkunnáttu, rökhugsun og áhuga barna á tækni- og iðngreinum. <http://krakkaruv.is/heimar/kodinn> Því miður hefur ekki hefur fundist farvegur fyrir þessa góðu gjöf innan skólans og daginn fyrir skólaslit fengu sum börn sitt eintak og þeim sagt að googla hvað þetta væri. Stjórn telur sig ekki geta réttlætt dýra fjárfestingu sem ekki er vitað hvort eða hvernig verði nýtt og telur því heppilegast að fyrst um sinn verði tækin í eigu foreldrafélagsins eða þar til stjórnendur hafa fundið kennara sem eru tilbúnir að taka verkefnið að sér og það sé komið vel af stað.

EV3: <https://education.lego.com/en-us/downloads/mindstorms-ev3/curriculum>

WeDo 2.0 <https://education.lego.com/en-us/downloads/wedo-2/curriculum>

Netfang stjórnar: Til að foreldrar hafi óhindraðan aðgang að stjórn var stofnað gmail netfang. Höfum leitað álits hjá Heimili og skóla sem sendir fyrirspurn til lögfræðings sambands íslenskra sveitarfélaga. Meðan niðurstöðu er beðið höldum við áfram að nota gmail netfang varmarskolaforeldrafelag@gmail.com

Heimasíða: Kostnaður við uppsetningu á heimasíðu er í kringum 100.000 auk tæplega 4000kr á mánaðargjalds. Ákveðið er að bíða með heimasíðugerð og skoða hvort hægt sé að fá betri aðgang að svæði foreldrafélagsins á heimasíðu skólans og koma því sem foreldrar vilja setja þar inn í betri farveg. Rætt var um að nýta fésbókarsíðu félagsins betur.